

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 3. janúar 2017 á Kjávöllum.

2. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Kristín Njálsdóttir, Sigurður Tyrfinngsson, Helga Hermannsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Ragna Emilsdóttir og Magnús Benediktsson framkv.stj..
Hermann Vilmundarson boðaði forföll.

Á þessum öðrum stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu á frárennslimálum í reiðhöll og þeim úttektum sem hafa farið fram.
3. Höllin var þrífín 17. desember síðastliðin og einnig var gróðursett á félagssvæði. Mikill kraftur var í þeim félagsmönnum sem mættu í til starfa og er þeim þakkað kærlega fyrir.
4. Búið er að þrifa félagshesthús og mála.
5. Samningaviðræður eru yfirstandandi við styrktaraðila að Hattarvattahöll. Sá styrkur verður notaður til þess að endurnýja innviði hallarinnar. Búið er að panta lykklakerfi fyrir Hattarvattahöllina sem er væntanlegt í janúar.
6. 19 nefndir verða starfandi á þessum vetri.
7. Traktor með skóflu verður til afnota fyrir félagið í vetur með sama hætti og síðastliðinn vetur.
8. Fundur var haldinn með HK varðandi samstarf félaganna um þrettándagleði á næsta ári.
9. Gjaldkeri fór yfir fjármál félagsins og innheimtu félagsgjalda.
10. Undirbúningur yfir Áhugamannadeildina Gluggar og gler gengur vel.
11. Erindi frá töltgrúppu barst stjórn Sprettis þann 18. desember síðastliðinn. Stjórn felur formanni að ganga frá þessu máli.
12. Núverandi staðsetning á hringgerði rædd og hugsanleg tilfærsla með öryggi að leiðarljósi.
13. Sveinbjörn hefur tekið sæti í Starfstjórn SÍK sem í sitja fulltrúar frá stærstu íþróttafélögum bæjarins. Tilgangur SÍK er að efla samhug og samvinnu íþrótt- og ungmennafélaganna í Kópavogi og stuðla að fjölbreyttu íþróttastarfi þeirra í bænum. Ennfremur skal SÍK vera sameiginlegur málsvari félaganna gagnvart bæjaryfirvöldum. Mikilvægt að rödd hestamanna heyrir og umsvif félagsins séu sýnileg.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði Ragna Emilsdóttir.